

Fagráð í hrossarækt

104. fundur

Staður og stund: Keldnaholt, þriðjudaginn 7. september 2022. Kl. 11.00

Mættir: Sveinn Steinarsson formaður, Sveinn Ragnarsson, Sýlvía Sigurbjörnsdóttir, Gunnar Kristinn Eiríksson, Mette Mannseth. Erlendur Árnason og Elsa Albertsdóttir.

Dagskrá:

1. Fundarsetning.
2. Sýningarárið 2022
3. Stofnverndarsjóður
 - Staða sjóðsins
 - Innsendar umsóknir í júlí fyrir úthlutun í september 2022
4. Ráðstefna fagráðs í hrossarækt 2022.
5. Tillögur frá búgreinapingi hrossabænda
 - Skipun í fagráð
 - Tilnefning ræktunarbúa, félagsmenn í BÍ
 - Á að nota fjórgangseinkunn við tilnefningu ræktunarbúa?
6. Siðareglur kynbótasýninga
7. Landsmót – dómur eða kynning á hrossum
8. Önnur mál.

1. Fundarsetning

Formaður fagráðs setur fundinn og býður fólk velkomið.

2. Sýningarárið 2022

Farið var yfir helstu niðurstöður sýningarársins á Ísland s.s. meðatöl og staðalfrávik einkunna mismunandi eiginleika, fjölda sýninga, fullnaðardóm og byggingardóma. Fjöldi dóma er svipaður eins og jafnan er á landsmótsári þó svo að heldur dragi úr aðsókn með árunum. Hins vegar þyrfti að kanna hvort hlutfallslega hafi dregið úr sýndum hrossum miðað við fjölda fæddra hrossa. Meðaltöl og staðalfrávik eru mjög svipuð og hefur verið á síðustu árum þegar horft er til sýningaráranna 2019-2022. Árið 2020 sker sig aðeins úr þar sem dómur eru eilítið hærri.

3. Stofnverndarsjóður

Staða sjóðsins

Ekki var unnt að fá heildaryfirlit yfir stöðu sjóðsins fyrir fundinn en gróft álitid ef miðað er við gjald af útfluttum hrossum ætti að vera til úthlutunar um 12 milljónir á árinu, ákveðið var því að veita styrki að svo stöddu fyrir um ríflega helming þess fjár. Enn er eftir að greiða samþykka styrki að upphæð um 3.500.000 kr.

Innsendar umsóknir vegna úthlutunar í september 2022

1. Tíðni magasára í hrossum á Íslandi sem eru á útigangi - Undína Ýr Þorgrímsdóttir, Nanna Luthersson, Patricia Harris, Tim Parkin og Þorgrímur Hallgrímsson
Sótt um: 1.500.000 ISK
Samþykkt: 1.000.000 ISK
2. Samanburður á ónæmissvari folalda og fullorðinna hrossa í kjölfar bólusetningar gegn – Sigríður Jónsdóttir. Tilraunastöð HÍ í meinafræðum að Keldum
Sótt um 1.000.000 ISK
Samþykkt: 750.000 ISK
3. Blóðhagur, blóðgildi og hormónastaða í íslenskum folaldshryssum - Charlotta Oddsdóttir dýralæknir á Keldum og sjálfstætt starfandi dýralæknir við frjósemisgreiningar hrossa, meðhöndlun og ráðgjöf og Hanna Krístrún Jónsdóttir, meinafræðideild Keldna
Sótt um 2.699.424 ISK
Samþykkt: 2.200.000 ISK
4. Exploring the genetic regulation of ability and quality of gaits in Icelandic horses og miðar að því að auka þekkingu á erfðafræðilegum grunni gangtegunda íslenska hestsins – Heiðrún Sigurðardóttir, doktorsnemi við Landbúnaðarháskóla Íslands og Sænska Landbúnaðarháskólann (SLU).
Sótt um: 2.500.000
Samþykkt: 2.500.000

4. Ráðstefna fagráðs í hrossarækt 2022.

Rætt var um tíma- og staðsetningu ráðstefnu fagráðs í hrossarækt og er stefnt á að halda hana þann 20.11 í Spretti. Hugmyndir að mögulegum framsögum var rædd og rætt hvort hægt væri að hafa fræðslu erindi bæði bók- og verkleg. Niðurstaðan var að ráðstefnan yrði haldin með hefðbundnum hætti auk þess að bjóða upp á vinnustofu þar sem framtíð, tilgangur og aðkoma hrossa á landsmóti verður rædd.

1. Tillögur frá búgreinaþingi hrossabænda

Farið var yfir tillögur frá búgreinaþingi hrossabænda. Þar kom fram að það þarf að skrá sig sérstaklega í búgreina félag sem fyrir hrossaræktendur er Félag hrossabænda (FHB). Það er ekki sjálfkrafa að gerast félagi í búgreinafélagi með því að vera aðili að Bændasamtökum Íslands (BÍ)

Þá var farið yfir tillögu búgreinaþings hvernig skuli skipa í fagråd þar sem kemur frá að aðili þarf að vera félagi í BÍ og í FHB. Fagråd í hrossarækt er stærra en í öðrum búgreinum, enda hlutverk þess afar fjölbreytt. Efla þyrfti að hrossaræktendur gerðust félagar í BÍ enda margir sem hafa hagmuni af því að vera í samtökunum en eru ekki

félagar. Þá var enn fremur komið inn á að á næsta ári 2023 mun sú regla gilda við tilnefningu ræktunarbúa að þar verða aðeins gjaldgeng ræktunarbú þar sem forsvarsmenn eru aðilar í BÍ. Þessa breytingu þarf að kynna vel svo hrossaræktendur verði upplýstir um hana.

Ákveðið var ræða málefni þess að nota fjórgangseinkunn við tilnefningu ræktunarbúa síðar þegar farið verði yfir hvaða ræktunarbú hljóti tilnefningu í ár

5. Siðareglur kynbótasýningar

Fjallað var um þær siðareglur sem gilda um aðila sem koma að kynbótasýningum, dómara, sýningarstjóra og annars starfsfólks sem og aðstandenda hrossa. Óásættanleg framkoma er of algeng. Hún er engum til góðs, ekki fyrir þann sem beitir eða verður fyrir, né heldur öðrum aðilum sem eru á viðkomandi sýningu.

Þær siðareglur sem til eru þarf að endurskoða og skerpa jafnvel á því verkferli sem við á því hvenær áminning er gefin fyrir slíkt athæfi, hversu alvarleg áminning á að vera og samræma vinnubrögð þar um. Kynbótasýningar eru búfjárdómar. Þó svo að frammistaða hrossa geti haft áhrif á verðmæti hrossa eru kynbótasýningar ekki sölusýningar. Virðing þarf að vera fyrir vinnu og framlagi fólks sem stendur að sýningum.

6. Landsmót – dómar eða kynning á hrossum

Byrjað var á umræðu um hvort dæma eigi hross á landsmóti eða ekki.

Dagskrá Landsmóta er alla jafna þéttsetin og mat margra að hún ætti að vera einföld. Það er engin einföld lausn til enda bæði kostir og gallar við núverandi landsmótsform. Með tilkomu upptaka á öllum hrossum sem koma til dóms gefst ræktendum og öllum áhorfendur kostur að kynna sér vel þau hross sem koma til sýningar að vori og ná þátttökurétti á landsmóti. Ósagt skal látið hvort upptökur skili frammistöðu hrossa nógu fyllilega og hvort upplifun fólks verði með sama hætti eins og þegar horft er á hrossið á staðnum.

Rætt var um landsýningu og form hennar. Ljóst er að taka þarf umræðu um þróun á landssýningarforminu þannig að kynning hrossa skili sér til áhorfenda og ræktenda sem best þ.e. heildarsýn á reiðkostum hrossa.

Samtal um þessi mál þarf að taka á breiðum grunni og fara vel ofan í saumana kosti og galla hvers forms.

5. Önnur mál

Ekki var tími til að ræða önnur mál.

Fleira var ekki tekið fyrir.

Fundi slitið klukkan 17:20

Við pennann: Elsa Albertsdóttir